

norsku lögum, smbr. opið bréf 11. marzmán. 1818 og tilskipun 4. ágústmán. 1824 ekki eiga við um það tilfelli, sem hér ræðir um, og er það nóg ástæða til þess, að skipið, sem sjómaðurinn var á, ekki var í öðru landi, heldur í höfn, sem heyrir undir Danmerkur ríki, skal yður til vitundar gefið um þetta yður til leiðbeiningar, að með því að sýslumaðurinn í Skagafjarðar sýslu hefir látið taka sjómann þann, sem um er rædt, fastan, og flytja hann til Reykjavíkur sem bandingja, og skorað á bæjarfógetann í Reykjavík að sjá um, að hann yrði fluttur alla leið til Kaupmannahafnar og fenginn í hendur lögreglustjóranum þar, þá á að endurgjalda bæjarfógetanum í Reykjavík kostnað þann, sem leidd hefir af veru mannsins í Reykjavík sem bandingja, og flutningi hans til Kaupmannahafnar, úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins; en jafnaðarsjóðurinn getur þá aptur krafizt endurgjalds hjá þeim, sem kynnu að vera álitnir skyldugir að greiða fè þetta. Þér eruð því beðnir, herra amtmaður, að sjá um, að þessir 111 rd. 24 sk. verði endurgoldnir Árna Thorsteinssyni, bæjarfógeta, sem fyrst, úr jafnaðarsjóði umdæmisins.

1866.

29. sept.

80. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um verðlaun handa Jóni bónda Þorsteinssyni á Fossi fyrir jarðrækt.

29. sept.

Nú er stjórnarráðinu hefir borizt bréf yðar, herra amtmaður, dagsett 16. júlímán. þ. á. og skýrslur þær, sem því fylgdu, um jarðabætur Jóns bónda Þorsteinssonar á Fossi í Staðarsveit í Húnavatnssýslu, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin hefir ekki neitt á móti því, að þér hafið veitt Jóni þessum Þorsteinssyni 25 rd. úr búnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, sem verðlaun fyrir dugnað hans.